

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Mörgum fannst blása ferskir vindar í borgarstjórn í vor. Það var komið nýtt fólk og margir gerðu sér vonir um að nú væri kominn meirihluti sem léti verkin tala og ekki urðu yfirlýsingarnar til að slá á þær vonir. Í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingar segir, með leyfi forseta: „Stefnt verði að því að tryggja að samanlögð fjárhags- og húsnæðisaðstoð nái lágtekjumörkum Hagstofunnar sem eru núna 160.800 krónur á mánuði.“ Á fundi velferðarráðs 30. júní sl. lögðu fulltrúar Besta flokksins og Samfylkingar fram eftirfarandi tillögu, þar sem segir meðal annars með leyfi forseta:

Velferðarráð óskar eftir því að velferðarsvið taki saman kostnaðaráhrif þess að tryggja það að fólk sem lifir á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins komist upp fyrir lágtekjumörk eins og þau eru skilgreind á Hagstofu Íslands. Er þá miðað við að lágtekjumark einstaklings sé 160.800 krónur í ráðstöfunartekjur og lágtekjumark hjóna 241.200 krónur. Miðað við þessi lágtekjumörk og að framfærsla einstaklings sé 125.500 krónur og húsaleigubætur um 18.000 vantar einstaklinginn um 17.500 krónur á mánuði. Að sama skapi vantar hjón og sambýlisfólk 22.000 á mánuði miðað við núverandi framfærslu upp á 201.000 og húsaleigubætur 18.000.

Tilvitnun lýkur. Jafnframt þessu var óskað eftir tillögum frá starfsfólki sviðsins að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð og að vinnu þessari verði lokið í ágústmánuði. Að mínu mati var þarna gefinn alltof langur tími til útreikninga og þetta væri hægt að reikna út á mun skemmri tíma en tæpum tveimur mánuðum og að fólkið væri að bíða eftir þessari hækkun. En gott og vel. Á þessum fundi, það er að segja 30. júní, bókuðu fulltrúar Sjálfstæðisflokksins meðal annars með leyfi forseta:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga eigi ekki að vera hærrí en lágmarkslaun. Nánast enginn munur er á ráðstöfunartekjum einstaklinga með lágmarkslaun og lágtekjumörkum. Grundvallarstefnið í uppbyggingu velferðarþjóðfélagsins er að þeir sem njóta aðstoðar hafi ekki hærrí ráðstöfunartekjur en þeir sem eru á vinnumarkaði. Jafnframt verður að horfa til þess að þeir sem eru á vinnumarkaði greiða af sínum launum lífeyrissjóð og til stéttarfélags og njóti jafnvel ekki sömu bóta og hlunninda og þeir sem fá fjárhagsaðstoð. Mjög mikilvægt er að [takið eftir] fjárhagslegur hvati sé fyrir einstaklinga að sækja út á vinnumarkaðinn. Frekar ætti að einbeita sér að því að byggja kerfið upp þannig að einstaklingar fái enn meiri hvatningu í þessa veru.

Bstj. 21. september 2010

Tilvitnun í bókun Sjálfstæðisflokksins lýkur. Hvað eru þeir að meina? Enn meiri hvatning? Yrði sú hvatning að lækka fjárhagsaðstoðina? Það væri gott að fá því svarað. En til að svara þessari bókun Sjálfstæðisflokksins í júní sl. þá bókuðu Samfylkingin, Besti flokkurinn og sá sem hér stendur með leyfi forseta:

Fulltrúar Besta flokksins, Samfylkingar og VG hafa ríkan skilning á vanda lágtekjufólks, hvaðan sem tekjur þeirra koma. Ekkert réttlætir að stilla upp lágtekjuhópum hverjum gagnvart öðrum. Það er skýrt að lágtekjumörk eru ráðstöfunartekjur að meðtöldum félagslegum greiðslum. Til að ná þessu markmiði myndi framfærsla einstaklings hækka í 143.500 og hjóna í 223.000 enda gert ráð fyrir að fólk hafi húsaleigubætur vegna húsnaðiskostnaðar. Þetta er aðeins lítið og fyrsta skref í átt að því að vinna gegn þeim ójöfnuði sem ríkir í okkar samfélagi.

Er þetta ekki alveg skýrt? Ekkert réttlætir að stilla upp lágtekjuhópum hverjum gagnvart öðrum. Svona bókuðum við saman, Samfylkingin, Besti flokkurinn og Vinstri græn fyrri partinn í sumar. Ég kem að þessu seinna í ræðu minni. [Frammícall] Það var svo 25. ágúst sl. að lagðir voru fram í velferðarráði kostnaðarútreikningar velferðarsviðs. Á því að koma Reykvíkingum sem lifa á fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins upp fyrir lágtekjumörk. Þetta var orðað svona í skýrslu frá velferðarsviði með leyfi forseta:

Lágtekjumörk eru skilgreind af Evrópusambandinu sem 60% af miðgildi ráðstöfunartekna neyslueininga í landinu. 160.800 krónur eru lágtekjumörk á Íslandi árið 2009 samkvæmt framangreindri skilgreiningu og byggja mælingar Hagstofu Íslands á tekjum samkvæmt skattskrár ársins á undan eða ársins 2008 í þessu tilviki. Hækkun fjárhagsaðstoðar í 160.800 krónur fyrir einstakling og 241.200 krónur fyrir sambúðarfólk myndi hækka ráðstöfunartekjur einstaklings í 151.855 krónur á mánuði og sambúðarfólks í 239.411 krónur.

Tilvitnun lýkur. Að mati velferðarsviðs myndi umrædd hækkun kosta borgina 249.938.914 krónur á ársgrundvelli. Þessu til viðbótar yrði kostnaður tengdur hækkuninni um 3-4 milljónir og ég var að fá þær upplýsingar í morgun og þess vegna breytti ég tillögunni eilítið. Sviðið hefur ekki reiknað út hvaða áhrif þetta hefði ef aðrar heimildargreiðslur yrðu hækkaðar til jafns við þessa hækkun og læt ég það því liggja á milli hluta á meðan sá útreikningur fer fram en mér er tjáð að þarna sé um óverulegar upphæðir að ræða fyrir síðustu þrjá mánuði ársins.

Forseti, borgarfulltrúar. Í sjálfu sér eru útreikningar velferðarsviðs umhugsunarverðir og að sjálfsögðu er það þannig að það eru ekki allir sem þiggja

Bstj. 21. september 2010

húsaleigubætur til dæmis. Og útreikningar fyrir hjón eða sambúðarfólk eru miðaðir við að báðir hafi persónuafslátt, nokkuð sem ég er ekki viss um að standist. Auk þess er það ótrúlega óréttlátt að sambúðarfólk verði að þola skerðingu sem er þannig að annar aðilinn fær aðeins hálfra fjárhagsaðstoð. En þegar ég sá á fundi velferðarráðs í ágúst að hik var komið á meirihlutann og talað var um að skoða þyrfti þetta betur og reikna meira út ákvað ég að leggja fram tillögu um hækkun fjárhagsaðstoðar og nota útreikninga sviðsins. Einfaldlega vegna þess að ég taldi það vera vænlegast til árangurs í stöðunni og að þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar, þá muni um hverja krónu. Og tillagan var þá svona með leyfi forseta:

Velferðarráð samþykkir að hækka fjárhagsaðstoð til einstaklinga um kr. 17.000 á mánuði og 22.000 á mánuði til hjóna, frá og með næstu mánaðamótum, samsvarandi hækkun taki til heimildargreiðslna.

Þetta var tillagan í velferðarráði. Og hún var felld og nú var það bandalag Besta flokksins, Samfylkingarinnar og Sjálfstæðisflokksins sem mætti til leiks. Sjálfstæðismenn voru samir við sig en nú kvað við annan tón hjá Samfylkingunni og Besta flokknum en þau bókuðu svona, með leyfi forseta:

Meirihluti velferðarráðs lýsir yfir eindregnum vilja sínum til að hækka fjárhagsaðstoð í síðasta lagi um áramót eða samhliða gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar. Sú fátækt sem ríkir í reykvísku samfélagi er ekki boðleg þeim sem við hana búa og er samfélagi okkar til skammar. Markmiðið er áfram að koma fólki upp yfir lágtekjumörk, en við útfærslu þess á undanförunum mánuðum hafa komið upp ýmis vandamál, þar sem málið er stærra.

Má þar helst nefna:

-Lágmarksframfærsla hefur ekki verið skilgreind.

-Lægstu laun, lífeyrir almannatrygginga og atvinnuleysisbætur eru það lág að hækkun fjárhagsaðstoðar getur leitt til þess að þeir sem hafa framfærslu sína af þessum tekjum geta átt rétt til fjárhagsaðstoðar.

Þarna leita þau í smiðju Sjálfstæðisflokksins. Svo heldur áfram bókunin:

Er um við þá komin frá þeirri meginreglu að fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins sé tímabundin neyðaraðstoð og er þá sveitarfélagið farið að veita uppþætur á lægstu laun, lífeyri og aðrar bætur. Það er ekki réttlætjanlegt.

Og þau halda áfram:

Bstj. 21. september 2010

Það þarf að jafna tekjur í samfélaginu með því að færa frá þeim tekjuhærri til hinna tekjulægstu. Velferðarráð óskar eftir því að þeir sem koma að stöðugleikasáttmálanum; ríkisstjórnin, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðilar vinnumarkaðarins, taki á þessum vanda.

Tilvitnun lýkur í bókun Besta flokksins og Samfylkingar. En Besti flokkurinn og Samfylkingin bókuðu að fátæktin í Reykjavík sé ekki boðleg og hún sé samfélagi okkar til skammar. Þessi bókun var gerð um daginn. Þetta gildir um daginn í dag. Samt geta þau ekki fallist á að hækka allra lægstu launin, fjárhagsaðstoðina, fyrr en seinna. Besti flokkurinn og Samfylkingin bókuðu að fátæktin í Reykjavík sé ekki boðleg. En fátækir eiga að bíða eftir útreikningum sem eru í hönd ríkisins, vinnu sem hefur staðið yfir síðan í vor. Besti flokkurinn og Samfylkingin bókuðu að fátæktin í Reykjavík sé ekki boðleg en að fara beri rólega vegna þess að lægstu laun, lífeyrir, almannatryggingar og atvinnuleysisbætur eru það lág að hækkun fjárhagsaðstoðar gæti leitt til þess að þeir sem hafa framfærslu sína af þessum tekjum geti átt rétt til fjárhagsaðstoðar. Þessir flokkar tveir bókuðu í velferðarráði í vor, ásamt þeim sem hér er staddur: „Ekkert réttlætir að stilla upp lágtekjuhópum hverjum gagnvart öðrum.“

Besti flokkurinn og Samfylkingin bóka að það þurfi að jafna tekjur í samfélaginu með því að færa frá þeim tekjuhærri til hinna tekjulægstu, að taka frá þeim ríku og afhenta það hinum fátæku. Séu flokkarnir ekki að boða byltingu og afnám kapitalismans, sem ég er nota bene ekkert sérlega mótfallinn, þekki ég aðeins eina leið, eina grundvallarleið, til jafnaðar. Í gegnum skatta til að ná fé af þeim tekjuhæstu. Ætla Besti flokkurinn og Samfylkingin að venda um og fullnýta útsvarið? Það færði okkur um 700 m.kr. ef við fullnýttum útsvarið sem er heilmikið meira en sá kostnaður sem hlýst af tillögu þeirri sem ég flyt hér í dag fyrir næsta ár. Fyrir allt næsta ár.

Besti flokkurinn og Samfylkingin bókuðu ósk um að þeir sem koma að stöðugleikasáttmálanum, ríkisstjórnin, Samband íslenskra sveitarfélaga og aðilar vinnumarkaðarins taki þátt í vanda fátækra. Þetta er fróm ósk og borgin á ekki að hika við að gagnrýna þessa aðila, ekki hika við það. Ríkisvaldið og verkalýðshreyfingin hafa brugðist skyldum sínum og leyft fátæktinni að dafna á Íslandi. Það er löngu komið að því að þessir aðilar hysji upp um sig buxurnar. En

Bstj. 21. september 2010

Það minnkar ekki ábyrgð okkar. Við erum kjörin af Reykvíkum og mikilvægasta skylda okkar sveitarstjórnarmanna er að mínu mati að sjá til þess að allir hafi þak yfir höfuðið og enginn líði skort. Að allir hafi þak yfir höfuðið og enginn líði skort. Ef við erum sammála um það að, eins og segir í bókun Besta flokksins og Samfylkingarinnar í velferðarráði í júní, eða núna um daginn fyrirgefið þið, í ágúst, að sú fátækt sem ríkir í reykvísku samfélagi sé ekki boðleg þeim sem við hana búa og hún sé samfélagi okkar til skammar, þá verðum við, ágætu borgarfulltrúar, einfaldlega að bregðast við því. Það er okkar skylda. Núna. Við þurfum að bregðast við því núna.

Ef þetta er til skammar og ef þetta er ekki boðlegt, við erum að tala um fólk, þá eigum við að bregðast við því núna. Ekki eftir mánuð, ekki tvo mánuði eða þrjá. Vandamálið blasir við þeim sem þurfa að lifa við þessar aðstæður. Þeir sem hafa 125.000 krónur á mánuði hafa ekki þolinmæði til að bíða mánuðum saman eftir útreikningum yfirvalda. Hvað tefur? Við lifum á upplýsingaöld og allskonar upplýsingar eru aðgengilegar á Íslandi. Allskonar. Allskonar, borgarstjórn. Það liggur til dæmis fyrir að háskólinn er búinn að reikna út fátækramörk og þau eru, fyrir árið 2009, 160.800 krónur fyrir einstakling. Það liggur líka fyrir að neysluútgjöld á mánuði eins og neysluvísitala mælir þau er að meðaltali tæplega 287.000 krónur fyrir einstakling.

En okkar skjólstæðingar fá 125.000 krónur. Og þá er það fyrir skatt, það er skattað meira að segja. [Frammíkall af pöllunum: 123.019 útborgað.] Já, útborgað, já. [Frammíkall af pöllunum: Og af því að ég er ekki í leigu, á mína íbúð, þá þarf ég bara að missa íbúðina.] Takk fyrir þetta, en ég ætla að biðja ykkur um að trufla ekki fundinn, það borgar sig ekki. Það getur ekki verið að það taki svona langan tíma að reikna út lágmarksframfærslu. Getur það verið að það taki svona langan tíma að reikna út lágmarksframfærslu? Ríkisapparatið er búíð að vera að þessu síðan í vor eða lengur. Það liggur einfaldlega eitthvað annað að baki. En fólk sem skortir fjármuni fyrir nauðþurftum fleiri og fleiri daga mánaðarins, fólk sem þarf að bíða í biðröðum hjálparstofnana eftir mat, fólk sem býr við fátækt sem er ekki boðleg þeim sem við hana búa, fátækt sem er samfélagi okkar til skammar, þetta fólk hefur ekki biðlund gagnvart því að kjörnir fulltrúar og embættismenn séu að

Bstj. 21. september 2010

funda viku eftir viku og mánuð eftir mánuð til að reikna eitthvað út. Við verðum að bregðast við og úr því að tillaga mín var felld í velferðarráði þá leita ég ásjár ykkar, ágætu borgarfulltrúar. Ég legg tillöguna fram örlítið breytta með þá von í brjósti að þið sjáið að um er að ræða forgangsmál sem ekki þolir bið. Tillagan er þá þessi með leyfi forseta:

Borgarstjórn samþykkir að hækka fjárhagsaðstoð til einstaklinga um kr. 17.500 á mánuði og kr. 22.000 á mánuði til hjóna, frá og með næstu mánaðamótum. Um er að ræða tímabundna hækkun sem gildir frá 1. október til og með 31. desember 2010. Kostnaður vegna tilraunarinnar verður um 65 milljónir og verður tekinn af handbæru fé. Jafnframt þessu verði unnið að hækkun fjárhagsaðstoðar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2011.

[Klappað í salnum.]

Forseti: [Forseti slær í bjöllu] Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu og gert grein fyrir tillögu. Þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Margrét Kristín Blöndal.

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Margrét Kristín Blöndal: Forseti, ágæta borgarstjórn og borgarfulltrúar. Svona til að byrja með er það náttúrulega frekar ógeðfellt að þurfa að fjalla um fjárhæðir sem þessar, það er hvort fólk á að hafa til framfærslu 125.000 krónur á mánuði eða 160.800 á mánuði, en það eru semsagt upphæðirnar sem hér um ræðir. Rökin fyrir því að fella þessa tillögu sem hér um ræðir eru þau að nóg er komið af þeim starfsháttum sem hér hafa verið viðhafðir af hinu opinbera. Sem eru einmitt þeir að hækka lægst launuðu hópa samfélagsins, sem sannarlega lifa við fátækt, um passlega margar krónur til þess að hægt sé að kaupa sér passlega mikinn frið í passlega langan tíma.

Þessu hef ég náttúrulega fylgst með eins og svo margir aðrir, bara sem áhorfandi, húsmóðir í Vesturbænum eða hver sem er, en nú er staðan dálítið önnur og ég sit í velferðarráði fyrir hönd Besta flokksins og þegar hefur verið skipaður enn einn starfshópurinn sem vinnur að því fróma verkefni að skilgreina lágmarksframfærslu, raunverulega lágmarksframfærslu, og skilgreina fátækt, en það hefur einhvern veginn aldrei verið gert. Á sama tíma kemur fram þessi tillaga um hækkun sem áður er nefnd. Tillagan var auðvitað ágæt, auðvitað munar manneskju sem býr við þessi kjör um hvern þúsundkall. Hana munar um hann í dag og hana munaði um hann í gær og hana munar um hann á morgun og ég er þess algjörlega fullkomlega meðvituð og það var sannarlega ekki með neinu glöðu geði sem ég greiddi því atkvæði að fella hana en ég gerði það og ég verð að trúá því að vera mín hér í þessu umhverfi sé ekki til þess að halda við þessum gömlu aðferðum sem ég minntist á hérna áðan, þessari plástraaðferð sem hér um ræðir, heldur að taka áskorun um að öðruvísi aðferðir, öðruvísi hugsun á bakvið velferðarkerfið, muni skila öðrum og betri árangri.

Ég er ein af þeim sem finnst þetta kerfi alltof þungt í vöfum og sú saga hefur nú alveg verið sögð. Það eru alltof langar boðleiðir, þetta ríki í ríkinu og allt það. Þessi hópur sem hefur verið ráðinn til starfa til þess að vinna að því að skilgreina fátækt, þessi starfshópur, og koma fram með upplýsingar um hver lágmarksframfærsla þarf raunverulega að vera, mun skila niðurstöðum í október. Ég geri því skóna að niðurstaðan verði sú að lágtekjufólk, sem og fólk sem þarf að

Bstj. 21. september 2010

sætta sig við lágmarksframfærslu, þarf mun miklu meira en framangreindar upphæðir hljóða upp á. Þá vona ég að uppi verði almennilegur fótur og fit hjá hinu opinbera, sveitarfélögunum, verkalýðsfélögunum, ríkisvaldinu, almennt hjá öllum þeim aðilum vinnumarkaðarins sem hér koma að málum hvað varðar launamál almennings. Að ljóst verði að hér verður að stíga stærri skref í átt til launajafnaðar, ég leyfi mér að nota það orð þó ég viti að það er ekki í tísku. Má ég minna á að meira en milljón krónur skilja á milli þeirra hæst launuðu og þeirra lægst launuðu bara hjá Reykjavíkurborg. Þannig launastefna er nú rekin hér á landi og hefur verið gert um langt skeið, að maður tali nú ekki um á hinum almenna vinnumarkaði. Árangurinn er ekki meiri en þetta og það að plástra passlega hefur verið svona inntakið í vinnubrögðunum.

Ég segi fyrir mig í það minnsta að ég greiddi því atkvæði að fella tillöguna um passlegu plástrunina með það að markmiði að gera raunverulega tilraun til kjaraleiðréttingar. Að samfélagið næði að viðurkenna fátæktina, sem hefur aldrei verið gert, að viðurkenna fátæktina, til þess að geta gert raunverulegan skurk í að ráða bót á þeim ömurlega vanda sem við okkur í samfélaginu blasir, því eins og við vitum öll hér, hvar sem við svo sem sitjum, þá skortir enga peninga í þetta samfélag. Peningarnir eru bara ekki í almannaeigu, þeir eru á fárra hendi og það er rangt. Ef þetta var röng ákvörðun, að fella þessa tillögu, þá föllum við bara með henni. Takk fyrir.

Forseti: Margrét Kristín Blöndal borgarfulltrúi [frammíköll af pöllunum] hefur lokið máli sínu. Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi hefur óskað eftir því að veita andsvar.

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil bara segja það að ég er bæði glaður og minna glaður yfir ræðu borgarfulltrúa Margrétar Blöndal. Ég vil byrja á því að spyrja hvort ég hafi heyrt það rétt að það standi til að hækka fjárhagsaðstoð svo um munar í október? [Frammíköll á pöllum: Heyr heyr.] Ef svo er vil ég fagna því og sé það skoðun borgarfulltrúa Margrétar Blöndal að 160.800 krónur sé langt frá því að vera nóg sem grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar, þá tek ég undir það með henni og ég mun berjast með henni fyrir því.

En það hins vegar veldur mér samt vonbrigðum að hér skuli vera komið og talað um gamlar aðferðir og þunglamalegt kerfi þegar verið er að fjalla um jafneinfalda ákvörðun og vel útskýranlega og að hækka laun. Að það sem er búið að vera í velferðarráði í nefnd eða í skoðun síðan í júní, síðan í júní, það eigi að halda áfram að vera í nefnd til þess að við getum áttað okkur á því hvort 125.000 krónur sé nóg eða ekki. Bíddu, erum við borgarfulltrúinn ekki sammála um að það er ekki nóg? Af hverju eigum við þá að bíða með að hækka þetta? Ef við erum ekki sammála um upphæðina, þá skulum við ræða það. Við skulum ræða það hérna vegna þess að fólk sem fær þessi laun, það munar um hverja krónu og það þarf að fá hana núna.

Forseti: Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi hefur lokið við að veita andsvar. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Borgarstjóri Jón Gnarr: Forseti, ágæta borgarstjórn. Hvernig hækka ég ...? Svona, hérna. Byrjandi. Þetta er stórmerkileg, stórmerkilegar aðstæður sem við erum í hér. Hér erum við að fella okkar eigin tillögu, sem er svolítið sérkennilegt. En þetta skýrist af mörgu og ekki er neitt af því einfalt. Fátækt er eitt alvarlegasta vandamálið í Reykjavík í dag. Ég þekki það alveg sjálfur hvað það er að vera fátækur. Ég þekki fólk sem hefur verið og er fátækt. Ég hef sjálfur verið fátækur. Ég hef staðið frammi fyrir því að geta ekki framfleytt mér, hafa ekki aðgang að því eða tækifæri til þess að framfleyta mér. Það er að segja að ég hef verið atvinnulaus en þurft að sjá fyrir börnum og heimili og standa í skuldbindingum og þurft að leita eftir hjálp. Mig langar persónulega og það er stefna okkar í Besta flokknum að reyna að gera eins vel og fallega í þessum málum og möguleiki er.

Við komum ný inn í þetta allt saman og það er hægt að segja að við höfum byrjað hér í júní en við byrjuðum samt ekki af fullum krafti vegna þess að það fer langur tími í að setja sig inn í hluti og fá fullan skilning á þeim og síðan gerðist það sem við höfðum heldur ekki áttað okkur á, að í júlímánuði fara í hönd sumarleyfi og það er mjög mikið af fólki á Íslandi sem tekur sumarleyfi í júlí þannig að kerfið er svolítið að miklu leyti lamað í júlí sem veldur oft seinagangi og frestunum. En við erum að vinna þetta af miklum eldmóði og okkar fulltrúar og fulltrúar Samfylkingarinnar í velferðarráði hafa unnið alveg gífurlega gott starf og ég veit það en fátæktin í Reykjavík er óviðunandi og er okkur til skammar. [Klappað í salnum.] Þetta langar okkur til að leysa en við viljum gera það rétt og við viljum gera það vel og kannski skrifast þetta að einhverju leyti á mig, að ég hafi ekki beitt mér nógu fast í því og þá skal ég bæta það og ég skal beita mér ennþá harðar í því að þetta gangi í gegn eins fljótt og auðið er og verði eins gott og kostur er til. Takk. [Klappað í salnum.]

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu og forseti vill í fullri vinsemd beina því til gesta okkar á þöllunum að það er ekki ætlast til að þeir taki þátt í fundinum, hvorki með hrópum né lófaklappi en að sjálfsögðu er velkomið að fylgjast hér með öllu sem hér fer fram. En Bjarni Karlsson borgarfulltrúi mun næstur taka til máls.

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Bjarni Karlsson: Forseti og borgarfulltrúar og heiðraða samkoma. Vitið þið það að fólkið sem kemur hér upp á pallana, það er ekki að biðja um neitt sérstakt. Það er bara að biðja um viðunandi velferð. Það er það sem um ræðir og ég held að við öll sem hér erum gerum okkur grein fyrir því að þegar verið er að ræða um veruleika fátæktarinnar í íslensku samfélagi þá er ekki verið að tala um að fólk sé að biðja um neitt sérstakt, heldur það að bara fá að lifa, hafa aðstæður til að lifa lífi sem það sjálft hefur ástæðu til að meta gott. Að hafa aðstæður til að lifa lífi sem það sjálft hefur ástæðu til þess að meta gott.

Mér fannst gott að heyra ræðuna hjá borgarstjóra og gott að heyra af þinni eigin reynslu. Ætli það sé ekki dálítið þannig að allt sem við gerum í lífinu, við erum alltaf að svara spurningum sem hafa orðið á vegi okkar. Ég tók eftir því og ég hef sagt ýmsum það sem hér sitja en ég vil að þið heyrið það líka og aðrir sem ekki hafa heyrt það áður, þannig að þið skiljið mína nálgun, að ég hef kynnst því í íslenskum veruleika hvernig eitt samfélag getur lifað þannig að fátækt sé tæklud og það sé tekist á við hana. Ég hef kynnst því, ég veit að það er hægt. Ég kynntist því þegar ég var í sjö ár starfandi sem sóknarprestur í Vestmannaeyjum. Þá fékk ég að sjá það að það er hægt að lifa í samfélagi sem er bara þannig að þegar krepur að hjá einhverjum, þá eru bara þau félagslegu gæði, þau geðtengsl á milli fólks fyrir hendi að það er bara brugðist við. Þetta heitir félagsauður og fólk bara stendur saman. Margoft sá ég það gerast.

Þar kynntist ég mönnum sem áttu mikið af peningum og kunnu með þá að fara, eins og Sigurður Einarsson heitinn. Svo þegar ég kom til Reykjavíkur og fór að starfa einmitt í sama starfi sem sóknarprestur í ágætu hverfi í Reykjavík, þá fór ég að horfa inn í vonleysi fátæktarinnar eins og hún birtist í borginni okkar. Fór að kynnst fólki sem lifir við það kynslóð fram af kynslóð í fjölskyldunni að það eru allir í sama bjargarleysinu. Og ég fór að átta mig á því mér til undrunar að fátækt er skipulögð. Við lifum í samfélagi sem skipuleggur fátækt. Og við verðum að horfast í augu við það. Við verðum að horfast í augu við það að það eru strúktúrar í samfélagi okkar sem gera einfaldlega ráð fyrir fátækt og gera ráð fyrir því að alveg á sama hátt og Esjan stendur hérna bara norður af borginni og við megum

Bstj. 21. september 2010

bara reiða okkur á hana, þannig séu raðirnar inn á hjálparstarf Fjölskylduhjálparinnar og mæðraverndar, að þessar raðir séu bara náttúrulögmál, að fátækir séu bara alltaf á meðal okkar.

Ég fullyrði að þetta er nauðhyggja og það er óþolandi. Það er þess vegna sem ég er að þvælast inni í velferðarráði vegna þess að ég er búinn að horfa á það alltof lengi og ég veit það alltof vel hvaða áhrif fátækt hefur. Hún er nefnilega ekki bara það að hafa ekki mat eða þurfa að nurla mat, hún birtist í því að sá sem er fátækur, hann leggur frá sér, hann afhendir frá sér virðinguna fyrir eigin lífi. Og barn sem elst upp við fátækt öðlast sjálfsmynd þiggjandans, þolandans og þurfamannsins og lítur á sig sem þolanda og gengur til leiks við samfélagið og gengur út frá því að það gangi inn í samfélagið sem óvirkur aðili, sem þolandi. Og samfélag sem heldur að það hafi efni á því að rækta fátækt og skipuleggja fátækt eins og við höfum gert, ja það má vera ríkt og ég fullyrði það að það er einhver stærsta eynd íslensks samfélags að við skulum ekki hafa getað það með allri þeirri vitneskju sem við höfum, hafandi farið í gegnum mesta hagsældarskeið sem hefur komið yfir þessa eyju og það sem okkur tókst á sama tíma var að safna skuldum, láta ræna okkur og rupla og viðhalda fátækt kerfisbundið í samfélaginu okkar og það er mikil skömm.

Þegar talað er um viðunandi velferð þá er í mínum huga ekki bara innkoman, þó að hún sé mjög mikilvægur þáttur og hér erum við að tala um skitnar 17.000 krónur eða hvað þetta er og 22 fyrir hjón og ég tek undir það með Margréti að það er ömurlegt að vera að ræða þessar upphæðir í ríku landi. Gríðarleg nægjusemi fyrir annarra hönd sem í því er fólgin. Þegar talað er um viðunandi velferð, þá er það meira heldur en innkoman sem skiptir máli, svo mikilvæg sem hún er. Við vitum það að þau sem ekki hafa menntun þau eru líklegri til að lenda í fátæktargildrum samfélagsins og það eru fátæktargildir í samfélaginu okkar og það er einmitt verkefni þessa starfshóps um fátækt að benda á þær, ekki vegna þess að við vitum ekki hverjar þær eru. Sko, það er ekkert flókið í þessu. Ég gæti skrifað einn, tveir og tíu upp og teiknað upp einn, tveir og tíu hvernig fátæktin lítur út. Málið er það að kortið, greiningin á fátæktinni, hún þarf með einhverjum hætti að vera almannaeign og það er verkefnið okkar. Og eitt af því sem er ein

Bstj. 21. september 2010

fátæktargildran sem er gríðarlega mikilvirk og festir marga í fátækt, það er skortur á menntun. Annað er það sem lýtur að heilsu fólks og við höldum það alltaf að við höfum svona heilbrigðiskerfi og það séu allir jafnir fyrir því, það eru ekkert allir jafnir fyrir heilbrigðiskerfinu. Það er ekki þannig. Og það eru börn á meðal okkar sem til dæmis fá ekki sína tannheilsu og það að ganga í gegnum barnæskuna sína með ónýta tannheilsu, sko maður á bara eina æsku. Og hvað verður um sjálfsmynd einstaklings sem gengur með brunnar tennur í gegnum barnaskólaárin sín vegna þess að samfélag hinna fullorðinna hefur bara ekki efni á því að ég fái tannheilsu?

Við vitum það líka að fátækt birtist í skertri félagslegri þátttöku. Bæði vegna þess að það kostar, þó hefur verið reynt að koma til móts við þá með þessum frábæru frístundakortum en það er eitthvað sem gerir það að verkum að það eru einmitt þau fátæku sem nýta síst frístundakortin samkvæmt síðustu upplýsingum sem ég hef. Hvers vegna? Jú, fyrir því eru félagslegar ástæður vegna þess að ef þú býrð við fátækt þá er fátæktin ekki bara innkoma, hún er líka félagsleg og ef þú lifir í fjölskyldu sem er fátæk, þar er fólk ekki að taka virkan þátt í samfélaginu með sama hætti og annars staðar og börnin einfaldlega nota ekki frístundakortið sitt. Vitundin um það að lifa í gagnsæju samfélagi sem maður skilur og treystir, það er liður í því að lifa við viðunandi velferð, einfaldlega skilja og hafa ástæðu til að treysta samfélaginu sem maður lifir í. Barn sem upplifir það að það eru hinir sem fá og geta og fara og gera allt sem kostar peninga en ekki ég vegna þess að mín fjölskylda er fátæk, það lifir ekki í samfélagi sem það skilur og treystir. Það getur ekki skilið og það getur ekki treyst.

Þetta er vandi margra barna í okkar íslenska samfélagi og líka í því hverfi sem ég þekki best, Laugarneshverfi. Það að njóta skoðanafrelsis og geta haft áhrif, ég vil ávarpa þau sem hér eru á pöllum, þið eruð að fást við það að krefjast þess að skoðanir ykkar heyrist í samfélaginu. Þið gangið fram til þess að tryggja það. Það er ekki allt fólk sem hefur þá sjálfsmynd að gera slíkt og láta birtast af sér myndir í blöðunum vegna þess að auðvitað finnið þið á eigin skinni að það kostar heilmikið að gera röddina sína gildandi þegar hún er kannski ekki vel þegin. En það að njóta skoðanafrelsis og geta haft áhrif, það er liður í viðunandi velferð og

Bstj. 21. september 2010

Það að búa við vörn gegn áföllum, vita það að maður lifi í samfélagi þar sem, þegar maður verður fyrir áföllum, við verðum öll fyrir áföllum, dag einn missi ég heilsuna mína, dag einn missi ég vinnuna mína, dag einn verð ég fyrir einhverju hræðilegu vegna þess að það bíður alltaf og það kemur að okkur öllum og ég þarf að vita það að ég lifi í samfélagi sem grípur mig þegar ég fell.

Allir þessir þættir eru það sem má nefna viðunandi velferð og ég segi aftur: þetta snýst ekki um neitt sérstakt, snýst ekki um neitt annað en að hafa bara raunhæf tækifæri til þess að eiga líf sem maður sjálfur hefur ástæðu til þess að meta gott. Já, maður sjálfur. Að maður finni að maður hafi sjálfðæmi um það líf sem maður vill lifa. En við lifum í samfélagi og þar er nauðhyggjan sem er svo rótgróin að við syndum öll, við syndum öll eins og fiskar í vatni í þeirri nauðhyggju sem gengur út frá því að sumir séu veitendur og aðrir séu þiggjendur og það birtist í hugtakanotkun okkar. Við segjum atvinnuveitendur, við segjum launþegar og styrkþegar. Það býr bara í notkun okkar á tungumálinu að við segjum að þau sem hafa skráð eignarhald, persónulegt eignarhald, þau eru veitandi. En þau sem hafa eignarhald á menntun sinni, hæfileikum sínum, hugmyndum sínum, getu sinni, tengslaneti sínu, nei, þau eru samt þiggjendur. Þetta er nauðhyggja sem við bara búum við. Vegna þess að við lifum í samfélagi þar sem við trúum fyrst og síðast á séreignina og við höfum búið við nauðhyggju gríðarlega sterkrar einstaklingshyggju sem er við það að kaffæra samfélag okkar en núna eru tímarnir að breytast.

Af hverju haldið þið að Besti flokkurinn hafi burstað kosningarnar í vor. Þið burstuðuð kosningarnar í vor vegna þess að það er almannaóþol fyrir valdamunstrinu í samfélaginu. Við vitum ekkert nákvæmlega ennþá hvernig þetta óþol liggur fyrir en það er óþol og við verðum öll að horfast í augu við það. Það er óþol fyrir beitingu valds sem kemur ofan frá en hlustar ekki innanfrá. Og það er orðið algjört óþol með þjóðinni fyrir ójöfnuðinum sem ríkir í samfélagi okkar og hefur margfaldast á umliðnum árum. Óþol fyrir vaxandi ójöfnuði og þetta óþol er raunverulegt vegna þess að það skerðir lífsgæði almennings í landinu. Við erum að ganga inn í tíma spái ég, og ég held að flest fólk sem fylgist vel með skynji það, við erum að ganga inn í tíma þar sem nýtt vald er að koma til sögunnar með

Bstj. 21. september 2010

alveg nýjum hætti og þetta vald þarf ekki að birtast með þóttu vegna þess að það hefur svo sterka sjálfsmynd að það þarf ekki að birtast með þóttu. Það má birtast eins og vorið birtist, það birtist bara í fegurð og í margbreytileika. Þetta vald heitir almannavald.

Kannski hefur það verið að koma með Internetinu, allavega er Internetið mjög ríkur þáttur í þessari þróun. Það á sér stað algjörlega ný hlustun í vestrænu samfélagi og það sem er að breytast í samfélaginu okkar, birtist meðal annars í þessu fyrirbæri sem er Besti flokkurinn, samfélagslega og pólitískt séð, það er að verða þessi breyting og við þurfum öll að leggja við hlustir og nú ríður á að okkur takist með þokkafullum hætti, og það var eins og Jón Gnarr sagði: það þarf að gerast fallega. Okkur þarf að auðnast með þokkafullum hætti að laða fram almannavilja þannig að við verðum meðvituð um hvað það er sem er almannarómur varðandi þetta sem við myndum kalla viðunandi velferð, hver er almannarómur varðandi viðunandi velferð?

Við skulum mæla það í lífsgæðum, við skulum mæla það í margbreytilegum lífsgæðum, meðal annars í krónum af því að þetta þarf að vera harðpraktískt. Þetta samtal er að eiga sér stað og ég bara finn það og ég get ekkert ætlast til þess að neinn treysti því sem ég er að segja því það hefur enginn nokkra einustu reynslu af mér að bröлта í pólitík, ég er enginn pólitíkus, ég er bara prestur úti í bæ. Og það hefur enginn ástæðu til að treysta því sem ég segi en ég segi ykkur það engu að síður að það er að marka það að það er alvöru vinna að eiga sér stað. Þær niðurstöður sem starfshópur um fátækt sem ég hef fengið að veita forstöðu, þær niðurstöður sem þar koma fram eru langtímaníðurstöður, það er langtímaferli í átt að sátt sem verður mælt í fleiri mánuðum og misserum, vona ég, en við sem núna sitjum í velferðarráði og yfirhöfuð þau sem sitja í borgarstjórn, þurfa síðan að taka fyrir næsta, hvað heitir þetta? Fjárhagsár, pólitískar ákvarðanir sem lykta af þeim nýju lausnum sem nú eru að fæðast. Og ég segi við ykkur, sameinumst um það að láta þetta gerast með þokka.

Sú breyting sem nú er að eiga sér stað í menningu okkar og samfélagi þarf ekki á byltingu að halda vegna þess að hún hefur svo sterka sjálfsmynd, vegna þess að hún er runnin upp úr grasrótinni, upp úr almannaviljanum, almannavaldinu sem er

Bstj. 21. september 2010

að vaxa fram og maður þarf að vera blindur og sjónlaus eða fullur af hroka, sem er þá blindandi, til þess að taka ekki eftir þessu. Ég hef lokið máli mínu.

Forseti: Bjarni Karlsson borgarfulltrúi hefur lokið máli sínu. Þetta er fyrsti fundur borgarfulltrúans og þetta var því jómfrúarræða hans og forseti vill fyrir hönd borgarstjórnar bjóða hann velkominn til starfa í borgarstjórn. Þá tekur til máls Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi.

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Borgarstjóri eða borgarstjóra fannst erfitt að vera að fella eigin tillögu en hann vill útskýra þetta þannig að í júlí hafi gengið í hönd sumarfrí og mönnum hafi bara ekki gefist tími til þess að vinna málið almennilega. Hann segir eitthvað í þá áttina að við viljum gera þetta rétt og við viljum gera það vel. Borgarfulltrúi Bjarni Karlsson orðar þetta einhvern veginn þannig að við eigum að vinna þetta með þokkafullum hætti og við eigum að finna út almannaróm um það hvað er fátækt. Og meðan við vinnum að þessum þokka og vöndum okkur svona vel er fólkið bara áfram fátækt. Þá gerist ekki neitt.

Við erum að vanda okkur mánuð eftir mánuð að reikna út eitthvað sem ég veit að hvert ykkar gæti gert á hálfum degi. Við erum að vanda okkur við það að vera þokkafull á meðan launin eru 125.000 á mánuði og kaupmáttur launa er stöðugt að lækka. Og þeim dögum fjölgar sem fátækir eiga ekki fyrir nauðþurftum fram að mánaðamótum. Fátækt fólk hefur enga samúð, ég trúi því ekki að það hafi nokkra samúð yfir ræðum eins og voru fluttar hérna áðan. Ég meina, mér datt í hug þegar borgarfulltrúi Bjarni Karlsson var að tala, ég var alveg sammála honum um allt sem hann var að segja, hann þuldi upp þetta sem við höfum verið að ræða um það sem er að í samfélaginu. Börnin komast ekki til tannlæknis sum af því að þau eiga ekki fyrir því, geta ekki borgað honum og verða bara að sofa með verki eða með einhver verkjalyf. Og allt sem hann var að segja er rétt.

En málið er bara það að við erum ekki í kirkju hérna, borgarfulltrúi Bjarni Karlsson. Hér ert þú mættur sem ábyrgur kjörinn fulltrúi og sem ábyrgur kjörinn fulltrúi sem hefur þessa upplýstu skoðun að allt sé að sem þú ert að telja upp, þá ber þér að leggja fram tillögu um það. Ef þú ert í alvöru á þessari skoðun. Og að fara að taka mánuð eftir mánuð í þokkafulla vinnu til þess að finna það út hvað sé fátækt og á meðan megi ekki hækka lægstu laun. Er einhver á því að 125.000 krónur á mánuði geti dugað? Er einhver hér inni á því? Ég get alveg svarað fyrir ykkur, það er enginn hér inni á því. Ekki heldur 135.000. Ég er alveg sammála því að 17.000 krónur á mánuði er ekki mikið, eða 22.000 fyrir hjón sem er búið til eftir einhverjum fáránlegum reglum, en ég reyni bara að vera lausnamiðaður og ég bara ítreka það að hver króna skiptir máli fyrir fátækt fólk. Þó að jafnvel sé tekinn

Bstj. 21. september 2010

af þessu skattur og 17.000 kallinn verði 15.000 kall eða hvað hann er. Þá er það bara máltíð og ýmislegt, kannski í einhverja daga. Það skiptir bara máli. Það er raunveruleikinn.

Mér datt í hug þegar borgarfulltrúi Bjarni Karlsson var að tala, þá datt mér í hug lag sem Joe Hill gerði við Hjálpræðisherssöng. You'll get pie in the sky when you die. Svoleiðis upplifði ég þessa ræðu. Og svoleiðis hef ég upplifað þessar ræður sem hafa verið hér. Við viljum vanda okkur, við viljum skoða þetta, við skiljum alveg, ég hef verið fátækur, bla bla bla. Þetta skiptir ekki nokkru máli fyrir þann sem vantar mat núna. Fyrir þann sem þarf að vera í biðröð á hjálparstofnun, fyrir einstæða móður sem þarf að ... Sko, einstæð móðir með fjárhagsaðstoð og með heimildargreiðslur með börnunum sínum og með meðlag og barnabætur og allt hvað þetta heitir, hún fer ekkert yfir 200.000 krónur á mánuði. Einstæð móðir með tvö börn. Hvernig haldið þið að börnin hennar hafi það? Og haldið þið að það skipti ekki máli að hækka fjárhagsaðstoðina til þessarar konu um 17.000 plús hækkun á heimildargreiðslu til barna. Haldið þið að það skipti hana ekki máli?

Það hljóta allir að sjá í gegnum þetta tal ykkar. Þetta gerðist svo fljótt einhvern veginn, að Besti flokkurinn varð einhver kerfisflokkur. Hann dettur algjörlega inn í sömu orðræðuna. Okkur finnst þetta vera þunglamalegt kerfi, jú, en við viljum samt halda áfram að hafa þetta í nefnd. Við viljum samt halda áfram að reikna þetta út, jú, af því að við viljum vanda okkur. Við viljum vanda okkur. Hvað þarf að vanda sig við að sjá það að það vantar meira en 125.000 krónur á mánuði til að lifa? Þarf að vanda sig eitthvað við það?

Nú, ef ykkur finnst mín tillaga vera of lág komið þið þá með aðra tillögu, komið þið þá með aðra tillögu. En af hverju eigum við að halda áfram að halda þessum launum svona niðri bara af því að við erum að vanda okkur að reikna málin út? Það er bara ekki ásættanlegt. Og það er alveg gagnsætt, það sjá það allir að það er bara verið að stolla málið, það er verið að stolla málið, það er verið að spara við fátæka mánuð eftir mánuð. Þetta þarf ekkert ... það sjá þetta allir.

Ég vil vekja athygli á því að borgarstjóri sagði að við hefðum ekki getað skoðað þetta nógu vel af því að við hefðum farið í sumarfrí, eða þannig skildi ég hann.

Bstj. 21. september 2010

Samt var byrjað að skoða þetta í júní af hálfu velferðarráðs. Samt er þetta komið inn í samstarfsyfirlýsingu Besta flokksins og Samfylkingarinnar hvenær? Í maí eða byrjun júní. Þessi yfirlýsing. Að það eigi að gera þetta nákvæmlega svona. Það er nákvæmlega sagt 160.800 eru lágtekjumörkin og við viljum hækka þau. En síðan er það sagt að við höfum farið í sumarfrí og þess vegna hafi ekki verið hægt að vanda þetta nógu vel. Það komu útreikningar frá velferðarsviði í ágúst, borgarstjóri. Það komu útreikningar frá velferðarsviði í ágúst á því hvað þetta kostaði. Það var ekkert flókið. Í tillögu Besta flokksins og Samfylkingar sem var lögð fram í júní var nákvæmlega sagt hver kostnaðurinn væri á einstakling og síðan á hjón, þannig að það var bara verið að margfalda með fjöldanum. En hún er komin. Við vitum hvað það kostar. Það kostar þetta og það þýðir ekkert að skjóta sér á bakvið það að þetta sé ekki nógu vandað.

vÉg meina, við erum búin hér, eða þið, ég hef svosem ekki tekið mikinn þátt í því, í borgarráði, að taka ákvörðun um allskonar útgjöld fyrir utan fjárhagsaðstoð. Allskonar útgjöld og þá heyrði maður ekki að það hefði ekki gefist tími til þess af því að það voru sumarfrí. Ég er ekkert að mæla á móti þessum verkefnum en ég nefni flutning söluturns á Lækjargötu, heimili fyrir heimilislausar konur, hjólarein á Hverfisgötu, Bíó Paradís, breytingar á Suðurgötu og aðild að Samtökum skjólborga fyrir rithöfunda. Allt þetta kostar og er fyrir utan fjárhagsáætlun, var ekki inni í fjárhagsáætlun, en sumarfríin voru ekki að stoppa þetta. Og þá spyr ég: hvar er forgangurinn, borgarstjóri? Í hverju er forgangurinn fólgin? Telur þú ekki að forgangurinn eigi að vera í þágu þeirra sem verst eru staddir fjárhagslega? Eða hvar er forgangurinn þinn?

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu og ég minni borgarfulltrúa á að ávarpa aðra borgarfulltrúa með nafni og starfsheiti og í tilviki borgarstjóra er það háttvirtur borgarstjóri. Það eru ekki fleiri sem hafa óskað eftir að taka til máls undir umræðu um þessa tillögu? Nei, svo er ... Borgarfulltrúi Margrét Kristín Blöndal óskar eftir að taka til máls.

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Margrét Kristín Blöndal: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vildi bara svona hnykkja á því af því að Þorleifur talaði um forgangsröðun og það kannski kom ekki nógu vel fram að þessi tillaga er náttúrulega felld og ég held að við séum bara öll sammála um forgangsröðun þessa heimilis sem Reykjavíkurborg er. Auðvitað er þetta spurning um að taka, semsagt, já, að forgangsráða rétt. En ég held að með því að samþykkja tillöguna og ástæða þess að samþykkja hana ekki heldur fella hana er sú að ég held að það hefði gert illt verra. Ég held raunverulega að þegar svo til kastanna kæmi og þegar niðurstöður myndu verða ljósar í vinnu þessa starfshóps sem hefur verið formaður núna, kæmu semsagt á daginn, að þá yrði því einhvern veginn drepit á dreif og þá allt í einu yrði forgangsröðunin önnur. Þá yrði forgangsröðunin ekki sú að leiðrétting kjara hinna lægst launuðu og þeirra sem verst settir eru í samfélaginu yrði leiðrétt. Það er þess vegna sem ég held að það hefði gert illt verra að samþykkja hana. Ég vona að ég hafi talað nógu skýrt og skilmerkilega, annars skal ég reyna að koma aftur og hiksta út úr mér þessum skilaboðum. Takk fyrir

Forseti: Borgarfulltrúi Margrét Kristín Blöndal hefur lokið máli sínu. Þá tekur næstur til máls frummælandi sem er Þorleifur Gunnlaugsson borgarfulltrúi.

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Porleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Borgarfulltrúi Margrét Kristín Blöndal segir að með því að samþykkja launahækkun fyrir fátækt fólk, að samþykkja launahækkun fyrir fátækt fólk, með því að samþykkja hana séum við að gera illt verra. Hún kemur þá upp ef ég er að misskilja hana en þannig skildi ég þetta. Að við séum að gera illt verra með því að samþykkja hækkun á launum fátæks fólks. Og ég skil nú bara ekki alveg þessa röksemdafærslu vegna þess að við getum samþykkt eitt á þessum borgarstjórnarfundum og annað á þeim næsta, borgarfulltrúi Margrét Blöndal. Þannig er það nú bara. Það sem ég er ítrekað að vekja athygli á er einfaldlega það að þeir sem njóta fjárhagsaðstoðar, þeir sem þiggja þau laun, þeir eru að bíða eftir launahækkuninni sinni og það skiptir máli fyrir næstu mánaðamót hvort að hún er 17.000 krónum hærri eða lægri. Það hljóta allir að skilja.

Málið er einfaldlega þannig að mínu mati að við búum við mjög óréttláta samfélagsskipan og ég held að við borgarfulltrúi Margrét Blöndal séum sammála um það. Samfélagið er að verða óréttlátara og óréttlátara. Launamunurinn, tekjumunurinn er alltaf að aukast. Við sjáum þetta í öllum könnunum. Samfélagsgerðin er þannig að hún hlýtur alltaf að bjóða upp á óréttlæti sem við búum við. Og meðan samfélagið er svona, meðan við lifum í þessu samfélagi, þessu kapítalíska samfélagi, þá verðum við að vera stöðugt að plástra. Við erum aldrei einhvern veginn í sókn. Við erum í stöðugri varnarbaráttu. Þannig upplifi ég starf mitt sem kjörins vinstri manns í borgarstjórn. Ég er í stöðugri varnarbaráttu. Það er alltaf verið að ganga á rétt almennings og það er alltaf verið að hygla þeim sem meira eiga. Samfélagsgerðin er þannig.

Ég meina, við gætum rætt hérna af alvöru tillögur eins og Stefán Jónsson alþingismaður lagði fram á Alþingi fyrir einhverjum mörgum árum síðan um að það yrði bara sett í lög að hæstu laun megi aldrei vera meira en helmingi hærri en þau lægstu. [Klappað í salnum.] Það væri alvöru tillaga. Það væri til dæmis róttæk tillaga hér í borgarstjórn þegar við erum að draga saman og erum að ræða um þetta allt saman að hæstu laun megi ekki vera meira en þrisvar sinnum hærri en lægstu laun. Það væri mjög róttæk tillaga. Þá gæti hugsanlega fólk farið að velta

Bstj. 21. september 2010

fyrir sér að hækka laun þeirra sem eru á fjárhagsaðstoð eða laun þeirra fjölmörgu borgarstarfsmanna sem eru undir 300.000 krónum á mánuði eða fjölmörgu sem eru undir 200.000. Síðast þegar ég skoðaði þetta er $\frac{1}{3}$ borgarstarfsmanna með laun undir 200.000 krónum á mánuði. Og $\frac{2}{3}$ með laun undir 300.000 krónum á mánuði. Síðan erum við með fólk sem er á launum upp í milljón og í fyrirtækjunum erum við með fólk sem er með miklu meiri laun. Þetta er náttúrlega algert brjálæði. Þessi launamunur. Við skulum ræða það. Ég er til í að ræða svona tillögur.

En að segja að það sé verið að gera illt verra með því að leggja til að hækka laun þeirra sem þiggja fjárhagsaðstoð, það er bara ekki boðlegt. Það er ekki að mínu mati boðlegt. Einfaldlega vegna þess, ég meina þetta fólk er bara að bíða eftir launahækkun. Þetta er spurningin um það hvort maður á mat í 2-3 daga í viðbót eða ekki. Það er ekkert flóknara en það. [Klappað í salnum.]

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu. Fleiri hafa ekki óskað eftir að taka til máls. [Forseti hringir bjöllu]. Við göngum til atkvæða en það hefur reyndar komið fram hjá borgarfulltrúum að ætla má að það verði síðan gerð grein fyrir bókunum, annað hvort núna eða þá síðar á fundinum. Eru allir borgarfulltrúar í salnum? [Forseti hringir bjöllu]. [Frammíköll af pöllunum, forseti slær í bjöllu] Við skulum taka, fyrirgefðu. Það er gengið til atkvæða um tillögu nr. 4 á dagskrá þessa fundar. Þeir sem samþykkja vilja tillögunu gefið merki. [Frammíköll af pöllunum.] Einhverjir á móti? Tillagan er felld og bókanir verða lesnar upp síðar. Tillagan er felld með einu atkvæði gegn fjórtán. Þorleifur boðar bókun. Þá er tekin fyrir tillaga borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar um viðræður um framtíðarfyrirkomulag heilsugæslunnar í Reykjavík. Til máls tekur hæstvirtur borgarstjóri.

[Bókanir fluttar síðar á fundinum]

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Óttarr Proppé: Hæstvirtur forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að lesa hérna bókun fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar við 4. lið:

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar lýsir yfir eindregnum vilja sínum til að hækka fjárhagsaðstoð í síðasta lagi um áramót eða samhliða gerð fjárhagsáætlunar borgarinnar. Sú fátækt sem ríkir í reykvísku samfélagi er ekki boðleg þeim sem við hana búa og er samfélagi okkar til skammar. Unnið er markvisst að málinu í velferðarráði og rétt að bíða tillagna úr þeirri vinnu.

Takk fyrir.

Forseti: Borgarfulltrúi Óttarr Proppé hefur gert grein fyrir bókun borgarfulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar vegna liðar 4 á dagskrá þessa fundar og þá er það borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir sem gerir grein fyrir bókunum. Gjörðu svo vel.

Bstj. 21. september 2010

4. mál Tillaga borgarfulltrúa Vinstri grænna um hækkun á fjárhagsaðstoð

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég geri grein fyrir bókunum Vinstri grænna annars vegar varðandi hækkun á fjárhagsaðstoð, lið fjögur, sem er svohljóðandi með leyfi forseta:

Afgreiðsla borgarfulltrúa Besta flokksins, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar á tillögu um hækkun fjárhagsaðstoðar er áfall fyrir þá fjölmörgu borgarbúa sem draga fram lífið langt undir fátækramörkum. Besti flokkurinn og Samfylkingin hafa í yfirlýsingum sínum skilgreint fátækramörk við kr. 160.800 á mánuði fyrir einstakling. Síðan í vor hefur staðið yfir vinna á velferðarsviði við útreikninga á hækkunarþörf fjárhagsaðstoðar að beiðni þessara flokka. Það er ámatlegt að borgarstjórnin í Reykjavík, sem á meðan hefur lagt fram fjölda fjárfrekra tillagna á vettvangi borgarinnar, skuli bera fyrir sig skort á útreikningum og gögnum vegna sumarfría og gildir þá einu hvort honum finnst „leiðinlegt að fella eigin tillögu“ eins og hann kemst sjálfur að orði. Á meðan meirihlutinn reiknar og fundar bíður fátækt fólk með laun niður í kr. 125.000 á mánuði eftir úrlausn sinna mála.

[Ræðu fram haldið síðar á fundinum]